

Alþingi
Erindi nr. P 139/2376
komudagur 10.5.2011

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2011

Umsögn vegna frumvarps til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60 (Þorskafjörður um Teigsskóg), 439. mál.

Við undirrituð erum eigendur jarðarinnar Hallsteinsnes sem við tókum í arf eftir móður okkar Olgu Pálsdóttur, sem lést í janúar síðastliðinn, en hún var ein af þeim sem hafa verið í málaferlum við Vegagerðina undanfarin ár vegna vegalagningar um Hallsteinsnes í Reykhólasveit.

Við viljum gera nokkrar athugasemdir við “Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr. 60.”

Ekkert réttlætir svona dýra framkvæmd fyrir að hámarki 200 bíla á sólahring þegar aðrir valkostir eru í boði sem eru jafn öruggir eða öruggari og mun ódýrari.

Sérlög sem fara gegn gildandi almennum rétti, dómi héraðsdóms og dómi hæstaréttar eru mjög varasöm og til þess fallin að skapa réttar óvissu í þjóðfélaginu, og skapað slæmt fordæmi.

Í þessu máli hafa aðilar farið að lögum og leikreglum réttarkerfisins og er með öllu ólíðandi að fram komi sérlög, sem ganga þvert á úrskurði dómstóla landsins. Íbúar landsins þurfa að geta treyst réttarkerfinu og gildandi lögum.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að bættum samgöngum og umferðaröryggi með uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr. 60.

Á umræddum vegakafla hefur ekki verið ófært á veturnum mörg undanfarin ár og slysatíðni undir meðaltali þjóðvega landsins.

2. gr.

Leggja skal veg frá Þórisstöðum í Þorskafirði, út með Þorskafirði vestanvert, um Teigsskóg og Hallsteinsnes, þvert yfir utanverðan Djúpafjörð vestur á Grónes og þaðan þvert yfir utanverðan Gufufjörð um Melanes og vestur fyrir Kraká að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

Hér er lagt til að vegur verði lagður um fornminjar, friðaðan birkiskóg og fjörur sem hafa verið friðaðar með sér lögum.

3. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eiga ekki við enda er í gildi úrskurður umhverfisráðherra frá 5. janúar 2007.

Hér er röng fullyrðing bæði héraðsdómur Reykjavíkur og dómur Hæstaréttar 671/2008 dæmdu úrskurð umhverfisráðherra frá 6. janúar 2007 ógildan.

Það er ósk okkar að frumvarpi þessu verði hafnað af samgöngunefnd alþingis þar sem það er óþarft enda aðrir betri valkostir til vegalagningar í boði.

Virðingarfyllst,

Pálmi B. Larsen

Blómvangi 8, Hafnarfirði

Brynja Þórdís Þorbergsdóttir

Miðvangi 3, Hafnarfirði.

bryjnathordis@isl.is

Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir

Leiðhömrum 2, Reykjavík

guðrunolof@simnet.is